



*Rekstrar- og viðskiptadeild*

*LOK 2106*

TEKJUGREINING Á  
GJALDEYRISTEKJUM Í  
FERÐAÞJÓNUSTU 1990-2003

*Akureyri 28. maí 2004*

*Njáll Trausti Friðbertsson*

## Abstract

In the last years the most common yardsticks when evaluating the progress in the Icelandic tourism industry have been attained by counting how many foreign tourist arrive to the country. Another process which has also been used is to count sold guestnights to foreign tourists in Iceland. One of the most common method is to evaluate how much tourists have spent in foreign currency in the country.

In this assignment a new methodology is introduced to evaluate the progress made in Icelandic tourism regarding revenues in foreign currencies. It was also evaluated how big a proportion the revenues in foreign currencies are of the gross domestic production in Iceland in comparison to the main tourism countries in the world and how the revenues in foreign currencies are divided between the capital area and the countryside.

The new methodology can be used to measure with a revenue unit how much foreign currency a tourist spends in one day in Iceland over a certain period of time.

The main results showed that the ratio of the foreign currency as a proportion of gross domestic production is high in Iceland in comparison with the main tourism countries. This is a good testimony of how far the industry has come in a short period of time.

With this revenue unit it is possible to make a comparison between months and years and analyze historical development of the industry. It is important that a standardised data base is used collecting data. Otherwise the data is of no use and neither accurate calculation nor comparison can be made.

Distribution of revenues from foreign currencies between the capital area and the countryside at yearly basis has been highly uneven, in the favour of the capital area, and is really one of the biggest problems that Icelandic tourism industry is facing today.

**Key words:** *Comparison, foreign currency revenues, gross domestic production, revenue unit, tourism, capital area, countryside, Iceland.*

## Útdráttur

Í gegnum tíðina hafa helstu mælikvarðar til að meta árangur í íslenskri ferðaþjónustu verið að telja erlenda ferðamenn sem sækja Ísland heim. Einnig hefur fjöldi seldra gistinátta til erlendra ferðamanna verið notaður sem mælikvarði til að meta árangurinn. Gjaldeyrstekjur hafa einnig verið skoðaðar í sögulegu samhengi í milljörðum íslenskra króna og bornar saman við önnur ár.

Í þessu verkefni er lögð fram ný aðferðafræði til að skoða árangurinn í íslenskri ferðaþjónustu með tilliti til gjaldeyrstekna. Einnig var metið hve stórt hlutfall gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum eru af landsframleiðslu á Íslandi miðað við helstu ferðamannalönd heims og athugað hvernig gjaldeyrstekjurnar skiptast á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar. Mælikvarðinn sem fæst með þessari nýju aðferðafræði gengur út á að meta hversu miklum gjaldeyri erlendur ferðamaður eyðir á einum dvalardegi hér á landi. Þannig er hægt að meta ákveðna tekjueiningu semgerir meðal annars mögulegt að skoða gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum á hvern dvalardag yfir ákveðið tímabil.

Gagna var aflað frá Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Útlendingastofnun, Alþjóðaferðamálaráðinu og Efnahags- og framfarastofnuninni og útreikningar byggjast á þeim. Við þessa vinnu kom í ljós mikilvægi þess að gagnasöfnun frá þessum opinberu stofnunum sé stöðluð þannig að hægt sé að nýta gögn frá þeim við þá útreikninga sem byggjast á hinni nýju aðferðafræði.

Helstu niðurstöður eru þær að í samanburði við helstu ferðamannalönd heims er hlutfall gjaldeyrstekna af erlendum ferðamönnum af landsframleiðslu orðið hátt á Íslandi sem er vitnisburður um hvað atvinnugreinin hefur náð langt á skömmum tíma.

Við útreikninga samkvæmt þessari nýju aðferðafræði kom fram mikill munur á tekjum á hverja tekjueiningu eftir mánuðum. Lægstu tekjurnar á hverja tekjueiningu eru á sumrin. Hins vegar þegar vegið meðaltal er reiknað með tilliti til þessa nýja mælikvarða og fundnar gjaldeyrstekjur af neyslu

erlendra ferðamanna á hvern dvalardag að meðaltali fyrir hvert ár kemur í ljós að tekjurnar á þessum nýja mælikvarða eru mjög sambærilegar á milli ára.

Dreifing gjaldeyristekna af erlendum ferðamönnum á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar yfir árið er mjög ójöfn höfuðborginni í hag og er eitt stærsta vandamálið sem ferðaþjónustan stendur frammi fyrir í dag.

**Lykilorð:** *Samanburður, gjaldeyristekjur, landsframleiðsla, tekjueining, ferðaþjónusta, höfuðborg, landsbyggð, Ísland.*

# Efnisyfirlit

0 Inngangur.....	1
1 Hagrænt gildi – helstu hugtök.....	3
1.1 Þjóðhagsreikningar .....	3
1.2 Landsframleiðsla (GDP).....	4
1.3 Margfeldisáhrif í ferðaþjónustu .....	5
2 Sjálfbær ferðaþjónusta – hugmyndafræði .....	9
2.1 Félagsleg áhrif af ferðaþjónustu .....	10
2.2 Menningarleg áhrif af ferðaþjónustu .....	10
2.3 Umhverfisleg áhrif ferðaþjónustu.....	11
2.4 Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu .....	12
3 Hagrænt gildi ferðaþjónustu á Íslandi.....	14
3.1 Fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi .....	15
3.2 Hlutfall gjaldeyrstekna af ferðaþjónustu af landsframleiðslu.....	16
3.3 Gjalddeyrstekjur af neyslu erlendra ferðamanna á Íslandi.....	18
3.4 Gjalddeyrstekjur eftir ársfjórðungum .....	18
3.5 Gjalddeyrstekjur af hverjum erlendum ferðamanni.....	20
3.6 Fargjaldtekjur.....	23
3.7 Gjalddeyrstekjur á hvern landsmann .....	26
3.8 Greining gistinátta erlendra ferðamanna á Íslandi .....	29
3.9 Dvalarlengd erlendra ferðamanna.....	35
3.10 Hlutfall óskráðra gistinátta í íslenskri ferðaþjónustu.....	36
3.11 Ársverk í íslenskri ferðaþjónustu.....	38
3.12 Vægi vöru- og þjónustuútflutnings árin 1990-2003 .....	40
3.13 Þjóðhagslegur ábati ferðaþjónustu á Íslandi .....	40
4 Ísland í alþjóðlegum samanburði .....	43
4.1 Gjalddeyrstekjur af ferðaþjónustu .....	43
4.2 Gjalddeyrstekjur af ferðaþjónustu sem hlutfall af landsframleiðslu.....	45
4.3 Meðal gjalddeyrstekjur af hverjum ferðamanni.....	46
4.4 Gjalddeyrstekjur á hvern landsmann .....	48
4.5 Spár um fjölgun ferðamanna í framtíðinni .....	49

---

5	Tekjugreining gjaldeyristekna á hvern dvalardag .....	51
5.1	Aðferðafræði við útreikninga .....	51
5.2	Gjaldeyristekjur á dvalardag .....	53
5.3	Skipting gjaldeyristekna af neyslu innanlands, höfuðborg – landsbyggð .....	58
6	Niðurstöður .....	62
7	Umræður .....	65
8	Lokaorð .....	68
9	Heimildaskrá .....	70

Viðaukar fylgja með í aukahefti.


# Myndaskrá

Mynd 1	Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands 1950 – 2003.....	15
Mynd 2	Hlutfall gjaldeyristekna af erl. ferðam. af vergri landsframl. með fargjaldatekjum.	16
Mynd 3	Hlutfall gjaldeyristekna af erl. ferðam. af vergri landsframl. án fargjaldatekna .....	17
Mynd 4	Gjaldeyristekjur af neyslu erlendra ferðamanna innanlands .....	18
Mynd 5	Hlutfall gjaldeyristekna af ferðapjónustu án fargjaldatekna eftir ársfjórðungum ....	19
Mynd 6	Gjaldeyristekjur af hverjum erlendum ferðamanni .....	20
Mynd 7	Gjaldeyristekjur af hverjum erlendum ferðamanni án fargjaldatekna.....	21
Mynd 8	Hlutfall fargjaldatekna af gjaldeyristekjum af erlendum ferðamönnun 1990–2003	23
Mynd 9	Gjaldeyristekjur af fargjaldatekjum af hverjum erlendum ferðamanni að meðaltali	24
Mynd 10	Gjaldeyristekjur á hvern landsmann að meðaltali með fargjaldatekjum.....	27
Mynd 11	Gjaldeyristekjur á hvern landsmann að meðaltali án fargjaldatekna.....	28
Mynd 12	Gjaldeyristekjur á hvern landsmann af fargjaldatekjum .....	29
Mynd 13	Hlutfall seldra gistinátta á hótélum og gistiheimilum til erl. ferðam á landsb.....	30
Mynd 14	Hlutfall seldra gistinátta á hótélum og gistiheimilum til erl. ferðam. á höfuðb.....	31
Mynd 15	Fjöldi seldra gistinátta á hótélum og gistiheimilum til erl. ferðam. á höfuðb.....	32
Mynd 16	Fjöldi seldra gistinátta á hótélum og gistiheimilum til erl. ferðam. á landsb.....	33
Mynd 17	Hlutfall seldra gistinátta á milli höfuðb. og landsb. á hótélum og gistiheimilum..	34
Mynd 18	Meðalnýting á hótélum í Reykjavík og landsbyggðinni 2003.....	35
Mynd 19	Fjöldi dvalardaga erlendra ferðamanna á tímabilinu 1997 – 2001 eftir mánuðum	36
Mynd 20	Hlutfall gistinátta sem koma ekki fram í gistináttaskýrslum Hagstofu Íslands.....	37
Mynd 21	Ársverk í ferðapjónustu 1990-1999 .....	38
Mynd 22	Dreifing ársverka í íslenskri ferðapjónustu 1990-1999.....	39
Mynd 23	Hlutfall vöru- og þjónustuútflutnings 1990-2003 .....	40
Mynd 24	Gjaldeyristekjur af ferðapjónustu 1999-2002.....	44

---

Mynd 25	Hlutfall gjaldeyristekna af ferðaþjónustu af vergri landsframl. (GDP).....	46
Mynd 26	Gjaldeyristekjur af hverjum erlendum ferðamanni að meðaltali án fargjaldatekna	47
Mynd 27	Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu án fargjaldatekna á hvern landsmann .....	48
Mynd 28	Meðalgjaldeyristekjur á hvern dvalardag eftir mánuðum á verðlagi 2003.....	55
Mynd 29	Samanburður á meðalgjaldeyristekjur á hvern dvalardag eftir mánuðum.....	56
Mynd 30	Gjaldeyristekjur á hvern dvalardag vegið meðaltal.....	57
Mynd 31	Skipting gjaldeyristekna af útgjöldum erlendra ferðamanna innanlands .....	59
Mynd 32	Hlutfallsleg skipting gjaldeyristekna af neyslu erlendra ferðamanna innanlands .	60
Mynd 33	Hlutfallsleg skipting heildargjaldeyristekna af erlendum ferðamönnum .....	61





Mynd 25 Hlutfall gjaldeyrstekna af ferðapjónustu af vergrí landsframleiðslu (GDP) án fargjaldatekna

(Alþjóðaferðamálaráðið, 2001,2002,2003; Hagstofa Íslands, 2004e; Efnahags- og framfarastofnunin, 2004a; Seðlabanki Íslands, 2004a; Útreikningar eru skýrsluhöfundar)

Þegar mynd 25 er skoðuð má sjá að með þennan mælikvarða til hliðsjónar að þekkt ferðamannalönd eins og Ítalía og Frakkland eru fyrir neðan Ísland í þessum samanburði. Árið 2002 var þetta hlutfall 2,93% fyrir Ísland, 2,27% fyrir Ítalíu og 2,26% fyrir Frakkland.

Samkvæmt þessum samanburði þá skipa Grikkir efsta sætið þar sem hlutfall gjaldeyrstekna af erlendum ferðamönnum af landsframleiðslu er 7,32%. Austurríkismenn og Spánverjar fylgja síðan á eftir með rúm 5%. Einnig er fróðlegt að sjá hvað hlutfallið er lágt fyrir Bandaríkin eða 0,64% sem þó fengu meiri gjaldeyrstekjur árið 2002 af erlendum ferðamönnum en Spánn og Frakkland til samans. Þetta skýrist af því hversu mikið efnahagsveldi Bandaríkin eru og landsframleiðsla á mann er há þar í landi.

### 4.3 Meðal gjaldeyrstekjur af hverjum ferðamanni


Í þessum kafla er reynt að meta hversu mikla fjármuni hver og einn ferðamaður skilur eftir sig í viðkomandi landi sem hann sækir heim. Á mynd 26 er borin saman 10 lönd með þessum hætti árin 1999-2002. Hér eru bornar

upplýsinga sem hægt er að byggja á með áreiðanlegum hætti hversu miklar gjaldeyrstekjurnar eru að meðaltali á hvern dvalardag í þessum samanburðarlöndum. Slíkar upplýsingar gætu verið einkar áhugaverðar og samanburðarhæfari í tölfræðilegum skilningi.

Þegar verið er að bera saman upplýsingar eins og hér, er ljóst að vegna þess hversu ólík landsframleiðsla er á mann í hinum ýmsum ríkjum þá er vægi gjaldeyrstekna af hverjum erlendum ferðamanni, þó tekjurnar séu svipaðar, mjög ólíkt eftir hinum ýmsu löndum. Þessi samanburður gefur og enga hugmynd um almenn rekstrarskilyrði atvinnugreinarinnar þar sem engin kostnaðargreining á sér stað á móti tekjunum. Þannig að ekki er með neinum hætti hægt að mæla rekstrarlega afkomu eða arðsemi.

#### 4.4 Gjalddeyrstekjur á hvern landsmann

Mynd 27 sýnir okkur samanburð á gjaldeyrstekjum af erlendum ferðamönnum þegar þeim hefur verið dreift niður á alla landsmenn viðkomandi landa. Hér má sjá hversu mikilvæg ferðaþjónustan er orðin í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar. Hér ber þó að varast eins og áður hversu misjöfn landsframleiðsla á mann og nauðsynlegt að líta til jafnvirðisgilda í slíkum samanburði á milli landa.



Mynd 27 Gjalddeyrstekjur af ferðaþjónustu án fargjaldatekna á hvern landsmann

(Alþjóðaferðamálaráðið, 2001,2002,2003; Efnahags- og framfarastofnunin, 2004b; Hagstofa Íslands, 2004f; Seðlabanki Íslands, 2004a; Útreikningar eru skýrsluhöfundar)

## 6 Niðurstöður

Á síðustu áratugum hefur orðið gríðarleg fjölgun í komum erlendra ferðamanna til Íslands. Meðaltalsvöxturinn á ári frá 1950 til 2003 er 7,97% sem þýðir að fjöldi erlendra ferðamanna hefur tvöfaldast á níu ára fresti yfir þetta tímabil. Árið 1950 komu 4.383 erlendir ferðamenn til Íslands á síðasta ári metur Ferðamálaráð Íslands að talan hafi verið um 320.000. Þetta er mikil fjölgun og vart hægt að reikna með að slíkur vöxtur haldi áfram um ókomin ár. Spár Alþjóðaferðamálaráðsins í Madrid gera ráð fyrir að meðaltalsvöxtur fram til 2020 verði 4,1% á ári. Slík tölfræði sem hér er lýst er ágæt sem slík til að sýna fram á ákveðna þróun. Hins vegar er einnig nauðsynlegt að kafað sé dýpra til að efla skilning á hagrænum þáttum í tengslum við ferðaþjónustuna. Í þessu verkefni er þróun gjaldeyrstekna af erlendum ferðamönnum skoðaðar út frá nokkrum mismunandi þáttum og aflað gagna til að geta svarað þeim þremur rannsóknarspurningum sem hafðar eru að leiðarljósi við gerð verkefnisins.

Skýrsluhöfundur lagði sérstaka áherslu á það þegar unnið var að því að svara rannsóknarspurningu eitt að miða útreikningana við gjaldeyrstekjur af neyslu erlendra ferðamanna innanlands sem er sama aðferð og Alþjóðaferðamálaráðið notar í sínum útreikningum á gjaldeyrstekjum þjóðríkja af ferðaþjónustu. Þar er ávallt notast við neyslu erlendra ferðamanna innanlands en ekki tekið tillit til fargjaldatekna í útreikningum stofnunarinnar.

Hlutfall gjaldeyrstekna af erlendum ferðamönnum án fargjaldatekna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er í samanburði við mörg af hinum svokölluðu „ferðamannalöndum“ orðið talsvert hátt á Íslandi. Ísland var í þeim útreikningum sem gerðir voru í tengslum við verkefnið borið saman við 12 önnur lönd. Þar kemur meðal annars fram að árið 2002 var þetta hlutfall 2,93% á Íslandi og hærra en á Ítalíu (2,27%) og í Frakklandi (2,26%). Grikkir (7,32%) voru með hæsta hlutfallið árið 2002.

Austurríkismenn og Spánverjar fylgdu síðan á eftir í öðru og þriðja sæti með rúm 5%. Bandaríkin voru með lægstu hlutfallstöluna í þessum samanburði

eða 0,64%. Þetta hlutfall gjaldeyrstekna af erlendum ferðamönnum án fargjaldatekna af vergri landsframleiðslu er athyglisvert miðað við hversu stuttan tíma atvinnugreinin hefur verið til á Íslandi sem alvöru atvinnugrein í samanburði við flest hinna landanna. Þetta sýnir fram á hversu mikilvæg íslensk ferðapjónusta er orðin sem hlutfall af landsframleiðslu miðað við helstu ferðamannalönd heims.

Tvær aðferðir voru notaðar til að svara rannsóknarspurningu tvö og meta þróun gjaldeyrstekna á hvern dvalardag. Í fyrri aðferðinni var skoðuð þróun meðaltala einstakra mánaða með ýmsum hætti. Þar kom meðal annars fram í niðurstöðum að tekjurnar á hvern dvalardag voru rúmlega fjórum sinni hærrí í nóvember en í júlí þegar meðaltal mánaðanna var borið saman. Með þennan mælikvarða á lofti þá gefa nóvember, október og desember í þessari röð hæstu meðalgjaldeyrstekjurnar á hvern dvalardag. Mjög erfitt er að meta þróunina í heild sinni með þessari aðferð, þar sem þróun einstakra mánaða var frekar ólík en almennt má segja að gjaldeyrstekjurnar á hvern dvalardag hafi verið frekar lækkandi. Þessi aðferð er betur til þess fallin til að meta þróun ákveðinna mánaða frekar en ára. Í seinni aðferðinni sem beitt var til að svara þessari spurningu var að notast við vegið meðaltal sem gefur mun betri mynd af árunum í heild sinni. Svar skýrsluhöfundar við rannsóknarspurningu tvö er því það að með tilliti til vegins meðaltals á verðlagi ársins 2003 er ekki hægt að tala um að gjaldeyrstekjur fari lækkandi á því tímabili sem hér er til skoðunar. Gjalddeyrstekjurnar eru að því er virðist í ágætu jafnvægi í rúmum 10.000 IKR þegar litið er yfir tímabilið. Lægstar eru tölurnar fyrir árið 1996, 8.932 IKR sem er rúm 87% af meðaltalinu og hæstar árið 2002 eða 11.502 IKR sem er um 13% yfir meðaltalinu.

Rannsóknarspurning þrjú í þessu verkefni er erfið viðureignar og til að ná utan um viðfangsefnið gaf skýrsluhöfundur sér ákveðnar forsendur til að vinna eftir til að meta útgjaldadreifinguna á milli landsbyggðar og höfuðborgar af neyslu erlendra ferðamanna innanlands. Eftir að hafa byggt útreikningana á þessum forsendum kemur í ljós að höfuðborgin fær rúm 60% af gjaldeyrstekjum í sinn hlut og landsbyggðin tæp 40%.

Skýrsluhöfundur gefur sér þær forsendur í sínum útreikningum að allar gjaldeyrstekjur af fargjöldum falli í hlut höfuðborgarsvæðisins. Hlutfallsleg skipting miðað við gefnar forsendur er því þannig að höfuðborgarsvæðið fær rúmar 74% af heildargjaldeyrstekjunum í sinn hlut og landsbyggðin 26% árið 2003.

Rétt er hér að leggja fram tvær tillögur til að hægt sé að nota þá aðferðafræði sem lögð er fram í þessu verkefni með sem nákvæmustum hætti. Þannig að greining þeirra talna sem hún nýtist við séu sem áreiðanlegastar.

1. Mikilvægt er ef sú aðferðafræði sem hér er lögð fram á að gagnast, til að meta þann árangur sem er að nást á ferðapjónustunni byggðan á gjaldeyrstekjum á hvern dvalardag, þá er áriðandi að Ferðamálaráð Íslands safni með reglulegum hætti gögnum um dvalarlengd erlendra ferðamanna hér á landi. Í því sambandi er réttara að tala um fjölda gistinguáttanna þannig að hægt sé að meta fjölda óskráðra gistinguáttanna hér á landi. Með því að bera þessi gögn saman við tölur Hagstofu Íslands. Þetta eru grundvallarupplýsingar í þeim útreikningum sem hér eru kynntir.
2. Önnur breyta sem er mikilvæg til að hægt sé að reikna gjaldeyrstekjur á dag af nokkurri nákvæmni er að það fari fram nákvæm öflun gagna um fjölda erlendra ferðamanna sem koma til landsins og safnað verði upplýsingum frá öllum komu- og brottfararstöðum í landinu. Ekki verði látið nægja að safna einungis í Leifsstöð og þessar upplýsingar verði einnig greindar á mánaðarlegum grunni. Eftir því sem betri gögn eru til staðar um fjölda erlendra ferðamanna og þær tölur unnar með stöðluðum hætti væri hægt að tengja slíkar upplýsingar við þær kannanir sem gerðar eru til að afla gagna um dvalarlengd erlendra ferðamanna hér á landi. Með slíkar upplýsingar í farteskinu er hægt að reikna með nokkurri nákvæmni fjölda dvalardaga erlendra ferðamanna hér á landi. Þannig er hægt að deila gjaldeyrstekjunum með dvalardögnum og finna hversu gjaldeyrisskapandi ferðapjónustan er á hvern dvalardag.

## 9 Heimildaskrá

### Ritaðar heimildir:

Ferðamálaráð Íslands, 2003. *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum*. Reykjavík : Samgönguráðuneytið.

Begg, D., Fischer, S. og Dornbusch, R. (1997). *Economics* fifth edition. Berkshire. McGRAW-Hill BOOK COMPANY EUROPE.

Fletcher, J. (1999). *Economic and Management Methods for Tourism and Hospitality Research*. (Ritstjórar) Thomas Baum og Ram Mudambi. John Wiley & Sons Ltd, England

Hall, M. C. og Lew, A. (1999). *Sustainable Tourism*. Addison Wesley Longman Limited

Inskeep, E. (1991). *Tourism Planning*. Toronto: John Wiley and Sons.  
Mathieson, A. og Wall, G. (1992). *Tourism: economic, physical and social impacts*. Harlow, Longman.

Mill, R. C. og Morrison, A. M. (1998). *The Tourism System*. Dubuque, Kendall/Hunt Publishing Company.

Steinar J. Lúðvíksson, og Sveinn Sæmundsson (1989). *Fimmtíu flogin ár*. Reykjavík: Frjálst framtak.

Vellas, F. og Bécherel, L. (1995). *International Tourism*. Chippenham: MACMILLAN PRESS LTD

Þjóðhagsstofnun, 1998. *Ferðapjónusta – Umfang og mikilvægi fyrir þjóðarbúskapinn*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.

Þjóðhagsstofnun, 2002. *Þjóðarbúskapurinn- Framvindan 2001 og horfur 2002*. Reykjavík: Þjóðhagsstofnun.

### Rafrænar heimildir

Alþjóðaferðamálaráðið (WTO) (2001). *Tourism Highlights 2001*. Vefslóð: [http://www.world-tourism.org/market\\_research/data/pdf/highlightsupdate.dengl.pdf](http://www.world-tourism.org/market_research/data/pdf/highlightsupdate.dengl.pdf). Tekið af netinu 26.febrúar 2002.

Alþjóðaferðamálaráðið (WTO) (2002). *Tourism Highlights 2002*. Vefslóð: [http://www.world-tourism.org/market\\_research/data/pdf/fact/highlights.dengl.pdf](http://www.world-tourism.org/market_research/data/pdf/fact/highlights.dengl.pdf). Tekið af netinu 10.júní 2003.

Alþjóðaferðamálaráðið (WTO) (2003). *Tourism Highlights Edition 2003*. Vefslóð: [http://www.world-tourism.org/market\\_/facts/highlight/highlights.pdf](http://www.world-tourism.org/market_/facts/highlight/highlights.pdf). Tekið af netinu 21.janúar 2004.

Ásgeir Jónsson / Axel Hall (2004). *Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurlflugvelli*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Vefslóð: [http://www.samgonguraduneyti.is/media/Skyrsla/Flug\\_lokaskyrslaDOC.doc](http://www.samgonguraduneyti.is/media/Skyrsla/Flug_lokaskyrslaDOC.doc). Tekið af netinu 15.febrúar 2004.

Ferðamálaráð Íslands (2002). *Könnun meðal erlendra ferðamanna 2001 - 2002*. Vefslóð: [http://www.now2004.is/Kannanir/konn\\_rammi.html](http://www.now2004.is/Kannanir/konn_rammi.html). Tekið af netinu 20. mars 2004.

Ferðamálaráð Íslands (2004a). *Umhverfisstefna*. Vefslóð: <http://www.ferdamalarad.is>. Tekið af netinu 25.mars 2004.

Ferðamálaráð Íslands (2004b). *Fjöldi erlendra ferðamanna 1972-2003*. Vefslóð: <http://www.ferdamalarad.is>. Tekið af netinu 20. mars 2004.

Ferðamálaráð Íslands (2004c). *Dvalarlengd erlendra ferðamanna 1997 - 2001*. Tölvupóstur frá Oddnýju Þ. Óladóttir 26.apríl 2004.

Ferðamálaráð Íslands (2004d). *Fjöldi ferðamanna 1997 – 2003 ýmis samanburður*. Vefslóð: <http://www.ferdamalarad.is>. Tekið af netinu 22. mars 2004.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), (2003). Vefslóð: <http://www.oecd.org/oecd/pages/home/displaygeneral/0,3380,EN-document-53-nodirect-no-no-2494-25,FF.html>. Tekið af netinu 20. mars 2003.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), (2004a). *Gross Domestic Production*. Vefslóð: <http://www.oecd.org/dataoecd/48/4/30539246.pdf>. Tekið af netinu 10. febrúar 2004.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), (2004b). *Population*. Vefslóð: <http://www.oecd.org/dataoecd/62/38/2698549.pdf>. Tekið af netinu 10. febrúar 2004.

Hagstofa Íslands, (2004a). *Gross National Income Inventory*. Vefslóð: [http://www.hagstofa.is/template\\_lb\\_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=271&ifirmsrc=/template\\_lb\\_content.asp?PageID=1254](http://www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=271&ifirmsrc=/template_lb_content.asp?PageID=1254). Tekið af netinu 26.mars 2004.

Hagstofa Íslands, (2004b). *Þjóðhagsreikningar og fjármál hins opinbera*. Vefslóð:

[http://www.hagstofa.is/template\\_lb\\_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=106&ifrmsrc=template\\_lb\\_content.asp?PageID=360](http://www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=106&ifrmsrc=template_lb_content.asp?PageID=360). Tekið af netinu 26.mars 2004.

Hagstofa Íslands, (2004c). *Ársverk í ferðaþjónustu 1990 - 1999*. Tölvupóstur frá Gamalíel Sveinssyni 6.apríl 2004.

Hagstofa Íslands, (2004d). *Fjöldi ferðamanna 1950-2000*. Tölvupóstur frá Þórarinnu Söebeck 24.apríl 2004.

Hagstofa Íslands, (2004e). *Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1990-2003*. Vefslóð:

[http://www.hagstofa.is/template\\_lb\\_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=110&ifrmsrc=/temp/thjodhagsreikningar/landsframleidsla.asp](http://www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=110&ifrmsrc=/temp/thjodhagsreikningar/landsframleidsla.asp). Tekið af netinu 28.mars 2004.

Hagstofa Íslands, (2004f). *Mannfjöldi*. Vefslóð:

[http://www.hagstofa.is/template\\_lb\\_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=47&ifrmsrc=/temp/mannfjoldi/yfirlit.asp](http://www.hagstofa.is/template_lb_frameset.asp?PageID=311&intPXCatID=47&ifrmsrc=/temp/mannfjoldi/yfirlit.asp). Tekið af netinu 24. janúar 2004.

Hagstofa Íslands, (2004g). *Gistináttatölur 1998-2003*. Tölvupóstur frá Þórarinnu Söebeck 21.mars 2004.

Iceland Express, (2004a). *Ferðaþjónusta Iceland Express ehf*. Vefslóð:

[http://www.icelandexpress.is/displayer.asp?cat\\_id=91](http://www.icelandexpress.is/displayer.asp?cat_id=91). Tekið af netinu 14. apríl 2004.

Iceland Express, (2004b). *Iceland Express ehf*. Vefslóð:

[http://www.icelandexpress.is/displayer.asp?cat\\_id=91](http://www.icelandexpress.is/displayer.asp?cat_id=91). Tekið af netinu 14. apríl 2004.

Morgunblaðið (2000a, 25.júní). Ferðasiður. *Allir vilja fljúga ódýrt*. Vefslóð:

[http://www.mbl.is/gagnasafn/pr\\_grein.html?radnr=506778](http://www.mbl.is/gagnasafn/pr_grein.html?radnr=506778). Tekið af netinu 18.mars 2004.

Morgunblaðið (2000b, 16. janúar). Innlendar fréttir. *Fargjald til*

*Kaupmannahafnar 7.400 kr. aðra leið*. Vefslóð:

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/pr\\_grein.html?radnr=478390](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/pr_grein.html?radnr=478390). Tekið af netinu 23.mars 2004.

Morgunblaðið (2003, 26. febrúar). Innlendar fréttir. *33 breskir blaðamenn fylgjast með fluginu*. Vefslóð:

[http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/pr\\_grein.html?radnr=681205](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/pr_grein.html?radnr=681205). Tekið af netinu 23.mars 2004.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) (2004). *Tekjukönnun gististaða*. Vefslóð:

<http://www.saf.is>. Tekið af netinu 5.apríl 2004.



Seðlabanki Íslands (2004a). *Tekjur af erlendum ferðamönnum*. Vefslóð: <http://www.sedlabanki.is/uploads/files/grfer.xls>. Tekið af netinu 15. mars 2004.

Seðlabanki Íslands (2004b). *Um gjaldeyrstekjur af neyslu erlendra ferðamanna innanlands eftir mánuðum 1990 – 2003*. Tölvupóstur frá Hrönn Helgadóttir 23. apríl 2004.

Útlendingastofnun (2004). *Tölfræði yfir farþegakomur*. Vefslóð: <http://www.utl.is/index.php?bId=120>. Tekið af netinu 22. apríl 2004.

Þjóðhagsstofnun, 2000. *Yfirlit um þróun og umfang ferðaþjónustunnar*. Vefslóð: <http://www.ths.is/greinag/2000-04.pdf>. Tekið af netinu 16. febrúar 2002.

World Travel & Tourism Council - WTTC (2004). *Tourism Satellite Accounting*. Vefslóð: <http://www.wttc.org/2004tsa/frameset2a.htm>. Tekið af netinu 15. apríl 2004.

## Munnlegar heimildir

Gamaliel Sveinsson (2004), forstöðumaður þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands. *Um ársverk í ferðaþjónustu*. (6. apríl 2004).

Guðrún Jónsdóttir (2004). Vísitöludeild Hagstofa Íslands. *Um staðvirðingu gjaldeyrstekna af erlendum ferðamönnum*. (5. apríl 2004).

Hrönn Helgadóttir (2004). Seðlabanki Íslands. *Um gjaldeyrstekjur af neyslu erlendra ferðamanna innanlands 1990 – 2003*. (23. apríl 2004).

Jakob Gunnarsson (2004). Deildarstjóri Seðlabanka Íslands. *Um gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum*. (14. apríl 2004).

Oddný Þ. Óladóttir (2004) Verkefnisstjóri Ferðamálaráði Íslands. *Um dvalarlengd erlendra ferðamanna*. (26. apríl 2004).

Oddný Þ. Óladóttir (2004). Verkefnisstjóri Ferðamálaráði Íslands. *Um dvalarlengd erlendra ferðamanna*. (24. maí 2004).

Rósbjörg Jónsdóttir (2004). Verkefnisstjóri Ráðstefnuskrifstofu Íslands, Ferðamálaráði Íslands. *Um erlenda ferðamenn sem ráðstefnugesti*. (24. maí 2004).

Vilborg Júlíusdóttir (2004). Hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins. *Um skilgreiningu WTO*. (21. maí 2004).

Þorleifur Þór Jónsson (2004). Hagfræðingur hjá Samtökum ferðaþjónustunnar. *Um tekjukönnun gististaða*. (19. apríl 2004).

Þorleifur Þór Jónsson (2004). Hagfræðingur hjá Samtökum ferðaþjónustunnar. *Um tekjur hótela og gistiheimila*. (28. apríl 2004).